



Áfanganúmer: FORF2HH05

Prep: 2

Einingar: 5

Forkröfur: FORF1KB05

Lýsandi heiti: Fornfræði í 6. bekk formáladeild

Áfangalýsing:

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist dýpri skilning á hugmyndaheimi Forn–Grikkja og Rómverja. Fyrir jól lesa nemendur úrval af grískri og rómverskri lýrik og kynna sér form og hefðir í fornri kómedíu með lestri á einu verki eftir Aristophanes og einu eftir Plautus. Á vormisseri liggur áherslan á sagnaritun (Heródótos, Þúkídides, Livius og Tacitus) og á grískri heimspeki: fyrstu heimspekingum Grikkja, Platóni og Aristótelesi. Nemendur halda tvær kynningar á fornu bókmenntaverki að eigin vali á vetrinum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- bókmenntagreinunum lýrik, komoedíu, sagnaritun og heimspeki til forna
- helstu höfundum ofangreindra formgerða, séreinkennum þeirra og aðferðafræði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja bókmenntir fornaldar á þeirra eigin forsendum
- greina áhrif bókmennta fornaldar á seinni tíma menningu
- tjá sig um bókmenntir fornaldar með viðeigandi fagorðum og á rökstuddan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja betur þá latnesku og grísku frumtexta sem lesnir eru í 6. bekk
- hafa gagn og gaman af bókmenntaverkum fornaldar og halda áfram að kynna sér þær upp á eigin spýtur
- skilja mikilvægi fornaldar í þróun lista og bókmennta hins vestræna heims

Mat á hæfniviðmiðum

- námseinkunn byggist á framsögum nemenda, tímaprófum (einu á hvoru misseri) og þátttöku í kennslustundum.
- jólaprófseinkunn byggist á tímaprófi, framsögum og þátttöku nemenda í kennslustundum haustmisseris.
- vorpróf er skriflegt próf í 180 mínútur